



Fundargerð

520. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, mánudaginn 30. júní 2025.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson var fjarverandi en í staðin sat fundinn Arna Guðbjörg Matthíasdóttir, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna til fundar og setti fundinn klukkan 13.00.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2506030 - Ársreikningur 2024 fyrri umræða.

Haraldur Örn Reynisson frá KPMG gerði grein fyrir ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2024.

Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að vísa ársreikningi ársins 2024 til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Lögð er fram eftirfarandi bókun á sveitarstjórnarfundi Skaftárhrepps varðandi fyrri umræðu ársreiknings 2024. Sveinn Hreiðar Jensson, fulltrúi XD lista og óháðra í sveitarstjórn óskar eftir skriflegum svörum frá sveitarstjóra við neðangreindum fyrirspurnum, og að svörin liggi fyrir á næsta reglulega sveitarstjórnarfund eða áður ef unnt er.

1. Rekstrarfrávik og upplýsingaskort

- Hvers vegna hefur ekki verið skilað viðaukum með fjárhagsáætlun þrátt fyrir veruleg frávik á rekstrarútkomu ársins?
- Hvers vegna hafa mánaðarleg rekstraryfirlit og sjóðsyfirlit ekki verið lögð fram, þrátt fyrir ítrekaðar óskir frá fulltrúa xd og óháðra?
- Hvað veldur því að óinnheimtar tekjur hækka um 50 m.kr. á milli ára og eru nú yfir 200 m.kr.? Hvaða úrræði eru virkjuð til að bregðast við þessari þróun?

2. Fræðslumál

- Fræðslumál fóru tæpar 63 m.kr. fram úr fjárhagsáætlun. Hverjir eru helstu undirliðir sem skýra frávikið?
- Hafa orðið óvæntar launahækkanir eða viðbótarkostnaður vegna þjónustusamninga (t.d. akstur, mótneyti, sérkennsla)?
- Óskað er eftir ítarlegri kostnaðargreiningu fyrir næsta fund.
- Hver er raunkostnaður við starf verkefnastjóra vegna sameiningar grunn- og leikskóla vegna ársins 2024?
- Hver er skýring á 6 m.kr. framúrkeyrslu í æskulýðs- og íþróttamálum án heimildar sveitarstjórnar?

BMS
AFM
Ski.
Ab. JS
1651



3. Hreinlætismál

- Málauflokkurinn fer 21 m.kr. fram úr áætlun. Hvaða kostnaðarliðir skýra þessa hækkun?
- Hver er raunkostnaður við:
 - a) Sorphirðu
 - b) Flutning og förgun
 - c) Urðunargjöld og föst gjöld
- Er þessi kostnaður í samræmi við þjónustusamninga og hafa orðið breytingar á heim?
- Er sorpgjald nægjanlegt til að standa undir kostnaði eða hefur myndast útgjaldabyrði á sveitarfélagið?

4. Fjárfestingar og framkvæmdir

- Hvers vegna fara framkvæmdir við grunnskóla og gámasvæði fram úr áætlun?
 - Af hverju var ekki gert ráð fyrir fjármagni í aðra liði fjárfestingaáætlunar?
 - Af hverju var ekki gerður viðauki vegna leiktækjakaupa við grunnskóla?
 - Hver er raunstaðan á viðhaldsverkefnum 2025 og standast þessi verk framkvæmdaáætlun þessa árs?
- Óskað er eftir sundurliðun raunkostnaðar niður á verk fyrir næsta sveitarstjórnarfund?
- Eru til verksamningar vegna viðhalds og framkvæmda hjá Eldvilja og hver framkvæmdi þau?

5. Kirkjubæjarstofa og innkaup

- Eru starfsmenn Kirkjubæjarstofu á launaskrá sveitarfélagsins? Óskað er eftir samningi þar um.

6. Atvinnumál og ferðamál

- Ferðamálaliður fer umfram áætlun – hvorjir eru kostnaðarliðir sem útskýra frávikið?
- Hverjir eru þeir styrkir og framlög sem fara 2 m.kr. fram úr áætlun? Hverjir fengu þá?
- Eru verkefnin hluti af nýjum samningum eða samvinnuverkefnum og ef svo, með hvaða aðilum?

7. Sameiginlegur kostnaður og stjórnsýsla

- Af hverju fer skrifstofukostnaður 30 m.kr. fram úr áætlun? Óskað er eftir sundurliðun:
 - a) Húsnæði og rekstur
 - b) Upplýsingatækni og hugbúnaður
 - c) Ferðir, ráðgjafar og annar aðkeyptur kostnaður
- Hver er raunkostnaður við:
 - a) Deiliskipulag og þéttingu byggðar
 - b) Lögfræðiþjónustu vegna samskipta við landeigendur Kirkjubæjar
- Hvað felst í 3 m.kr. undir liðnum „meðferð sveitarstjórnarmála“?
- Hvaða styrkir og framlög eru skráð undir þessum lið (1,6 m.kr.) sem ekki voru í fjárhagsáætlun og hver veitti samþykki fyrir þeim?

BMS

AFM

SNI

ABGS



Mál til kynningar

2. 2506005 - Skógræðingafélag Íslands

Lögð fram ályktun aðalfundar Skógræðingafélags Íslands.

Ályktunin lögð fram til kynningar.

3. 2506006 - Félag atvinnurekanda

Lagt fram erindi frá Félagi atvinnurekenda vegna álagningar fasteignaskatts.

Erindið lagt fram til kynningar.

4. 2506007 - Landsbyggðin lifi

Lagt fram Fréttbréf frá Landsbyggðin lifi.

Fréttabréfið lagt fram til kynningar.

5. 2506010 - Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands

Lagt fram bréf, dagsett, 19. maí 2025 frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands vegna úthlutunar úr Styrktarsjóði EBÍ 2025.

Sveitarstjóri greindi frá því að sveitarfélagið hefði fengið 900.000 krónur í styrk vegna verkefnisins Skaftárós en er það verkefni unnið í samvinnu Fótspor-félags um sögu og minjar í Skaftárhreppi um viðhald á skýli við Skaftárós.

Fulltrúi XD og óháðra í sveitarstjórn, Sveinn Jensson, leggur fram eftirfarandi bókun á sveitarstjórnarfundi Skaftárhrepps:

Með vísan til fyrri bökana og umræðu um ársreikning 2024 vill undirritaður ítreka mikilvægi þess að fjármálastjórnun sveitarfélagsins verði tekin föstum tökum. Í því samhengi er lagt til að fyrir næsta sveitarstjórnarfund liggi fyrir rekstraruppgjör fyrir maí mánuð 2025, svo hægt sé að meta hvort rekstur ársins 2025 sé í samræmi við fjárhagsáætlun.

Jafnframt er óskað eftir að fram komi greinargóð yfirlit yfir stöðu á áætluðum framkvæmdum sveitarfélagsins. Fjárhagsáætlun er, samkvæmt 1. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsáætlunar, helsta stjórnartæki sveitarstjórnar til að sýna ábyrgð í fjármálum og grípa tímanlega til ráðstafana ef frávik koma fram. Forgangsröðun verkefna byggir á raunhæfum gögnum og reglulegri yfirsýn yfir framvindu reksturs og framkvæmda.

Undirritaður vísar sérstaklega til bókunar frá árinu 2024 á 507. fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps, haldinn 29. maí, þar sem þegar var kallað eftir mánaðarlegum rekstraryfirlitum og sjóðsstöðu. Þrátt fyrir þessa áskorun hafa slík gögn ekki verið lögð fram reglulega. Það vekur furðu hve mikil frávikin eru í ársreikningi 2024 frá samþykktum fjárhagsáætlun, bæði í rekstri og framkvæmdum, og verður það vart kallað ábyrg fjármálastjórnun.

Áréttar er að hér eftir verði mánaðarlega birt opinber rekstraruppgjör ásamt yfirliti yfir sjóðsstöðu sveitarfélagsins, auk þess að helstu liðir í bókhaldi séu afstemmdir þannig að sveitarstjórn geti brugðist við óvæntum útgjöldum og tryggt gagnsæi og ábyrga stjórnsýslu.

BHS

SNI
AGM
AL
1653
JG.



Fleira ekki,
fundí slitið kl. 14:40.

Jóhannes Gissurarson
Jóhannes Gissurarson

Björn Helgi Snorrason
Björn Helgi Snorrason

Arna Guðbjörg Matthiassd.
Arna Guðbjörg Matthiassdóttir

Auður Guðbjörnsdóttir
Auður Guðbjörnsdóttir

Sveinn H.J.
Sveinn Hreiðar Jensson